

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 31. mars til og með 30. apríl 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°27'1 N — 13°14'2 V
2. 64°35'1 N — 12°23'6 V
3. 64°05'1 N — 13°05'1 V
4. 63°57'4 N — 13°41'5 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 31. mars 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. mars 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.